

23. febrúar 1973.

147

Nr. 65.

SAMPYKKT

fyrir veiðifélag Þingvallavatns.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þingvallavatns. Heimili þess og varnarþing er Þingvellir við Öxará.

2. gr.

Félagið nær til allra jarðeigna, sem veiði eiga í Þingvallavatni, en þær eru:

- | | |
|-------------------|------------------|
| 1. Þingvellir | 10 Hagavík |
| 2. Arnarfell | 11. Nesjavellir |
| 3. Mjóanes | 12. Nesjar |
| 4. Miðfell | 13. Heiðarbær I |
| 5. Kaldárhöfði | 14. Heiðarbær II |
| 6. Steingrímsstöð | 15. Skálabrekka |
| 7. Villingavatn | 16. Brúsastaðir |
| 8. Ölfusvatn | 17. Kárastaðir |
| 9. Krókur | 18. Sandey |

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og nýta veiðina á skynsamlegan hátt, eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu, þó má félagið ekki taka ráðstöfun veiði í eigin hendur nema samþykkt sé með $\frac{2}{3}$ atkvæða í félaginu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Til bráðabirgða gildir það ákvæði, að hver félagsmaður skuli greiða krónur 1500.00 — fimmtán hundruð krónur — til félagsins á yfirstandandi ári af hverri veiðieiningu, sem honum hefur verið úthlutað, til bráðabirgða á þessu ári.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI kafla laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT
fyrir Veiðifélag Víkurár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Víkurár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanna, Bæjarþinghá, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Víkurá, en þær eru Skálholtsvík 1, Skálholtsvík 2, Skálholtsvík 3, Skálholtsvík 4, Guðlaugsvík 1, Guðlaugsvík 2, Miðhús og Heydalssel.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skor-